

Sent með tölvupósti.
23. október 2020

Alþýðusamband Íslands

Efni: Afstaða Alþýðusambands Íslands til tollasamnings Íslands og Evrópusambandsins

Alþýðusambandið studdi gerð tollasamningsins og hvatti Alþingi til að staðfesta hann í umsögn sinni árið 2016. Sjónarmið ASÍ hefur ávallt verið að tvíhliða samningar um markaðsaðgengi séu rétta leiðin til að bæta hag neytenda ásamt því að búa til tækifæri og þ.a.l. störf í útflutningi.

ASÍ telur jafnframt að tollasamningurinn hafi haft jákvæð áhrif hvað vöruúrval og verðlag til neytenda. ASÍ getur þó tekið undir sjónarmið um að skoða þurfi í kjölinn hver ábati hafi verið, bæði hvað varðar neytendur en einnig fyrir framleiðendur og útflytjendur.

Hvað langtímahorfur varðar. Þá telur ASÍ að mikil tækifæri liggi í matvælaframleiðslu á Íslandi, þá sérstaklega til útflutnings. Þetta birtist m.a. í Réttu leiðinni sem ASÍ kynnti síðasta vor. <https://www.asi.is/um-asi/hlutverk-og-saga/stefna/retta-leidin/> þar sem ASÍ kallaði m.a. eftir aukinni atvinnusköpun í matvælaframleiðslu. ASÍ telur þó að innlend framleiðsla sé betur studd með beingreiðslum, óframleiðslutengdum fremur en tollvernd. Kerfið þurfi einnig að hafa sveigjanleika þannig að framleiðsla geti þróast í takt við breyttar kröfur markaðarins og áskoranir í loftslagsmálum.